

Sveitarfélagið Árborg

b.t. Gísla Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra
Ráðhúsinu Austurvegi 2
800 Selfoss



Selfossi, 9. október 2019

Varðar: Framlenging á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands

Markaðsstofa Suðurlands færir bæjarstjórn Árborgar þakkir fyrir þann mikilvæga stuðning sem falinn er í samstarfssamningi við sveitarfélagið undanfarin ár, en hann hefur gert okkur kleift að efla enn frekar það góða samstarf sem tekist hefur á Suðurlandi um markaðssetningu og kynningu á svæðinu.

Þar sem núverandi samningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Markaðsstofu Suðurlands rennur út um næstu áramót er þess hér með farið á leit að samningurinn verði endurnýjaður óbreyttur, sem svarar 430 krónum á hvern íbúa til eins árs.

Markaðsstofan hefur verið starfrækt í rúm tíu ár og er samstarfsverkefni sveitarfélaga og atvinnulífsins á svæðinu. Markaðsstofan á í góðu samstarfi við ferðaþjónustuaðila á Suðurlandi og eiga nú um 220 fyrirtæki aðild að stofunni og taka þátt í starfi hennar. Þónokkur fjölgun hefur orðið á samstarfsfyrirtækjum okkar ár frá ári og stefnan er að fjölga þeim enn frekar á næstu misserum.

Auk sveitarfélaganna kemur ríkið að reksti Markaðsstofunnar með fjárframlagi og sértækum verkefnastyrkjum í gegnum Ferðamálastofu, sem er einnig einn helsti samstarfsaðili Markaðsstofa landshlutanna.

Endurnýjun samninga við sveitarfélögin á Suðurlandi gera okkur kleift að vinna að langtímaáætlun um kynningu á landssvæðinu sem og víðtækri samvinnu við Ferðamálastofu, Íslandsstofu, innlendir og erlendir ferðaskrifstofur og fleiri.

Eftirfarandi yfirlit nær yfir helsta beina ávinning sveitarfélaga að samstarfinu:

- Markaðsstofan vinnur að **markaðssetningu Suðurlands sem áfangastaðar og einstakra svæða innan þess** og þar með sveitarfélaganna. Markaðsstofan, sveitarfélög og mörg fyrirtæki á svæðinu vinna nú eftir nýrri vörumerkjahandbók áfangastaðarins sem byggir á fyrri markaðsgreiningu, t.d. á vef, samfélagsmiðlum, á sýningum, FAM ferðum og við blaðamenn/áhrifavalda. Slík samhæfing gerir markaðssókn fyrir svæðið markvissari og stuðlar að betri nýtingu fjármuna allra þessara aðila.
- **Á stóru sýningunum hérlendis** tryggir Markaðsstofan sýnileika landshlutans, m.a. útfrá þrískiptingu svæðisins. Þar hefur Markaðsstofan leigt og séð um allan útlagðan kostnað við að hafa á sýningunni fjórfaldan bás þar sem útlitshönnun og skipulag miðar að því að draga fram sérstöðu landshlutans. Fulltrúum hvers svæðis, í gegnum Faghóp sveitarfélaganna í ferðamálum, er boðið að koma að mönnun bássins og eiga fundi með erlendum ferðasölum. Hefur það mælst mjög vel fyrir og komið vel út að kynna svæðið með þeim hætti og sem eina heild.
- Markaðsstofan sækir og kynnir landshlutann á **1-2 sýningum og/eða vinnustofum erlendis** á hverju ári, eftir mörkuðum og markhópum.
- Sveitarfélagið sem og ferðaþjónustutengd starfsemi þess fær góða birtingu á **íslenskri og enskri lendingarsíðu á vefsíðu** Markaðsstofunnar www.south.is. Heimsóknir á south.is eru allt að 3900 á dag og hafa aukist verulega síðastliðin ár.
- Markaðsstofan vinnur og hefur frumkvæði að, fyrir hönd sveitarfélagana og í samvinnu við fulltrúa þeirra, **móttöku blaðamanna sem og innendra og erendra ferðasala** sem fjalla um og/eða heimsækja Suðurlandið.

ÁRBORG	
Ernr: 00.71	Mótt: 15/10'19
Ábm: B.B.	Mnr: 1710107



**Markaðsstofa
Suðurlands**
Visit South Iceland

- Markaðsstofan stendur ásamt markaðsstofum landshlutanna að **Mannamóti**, árlegri ferðasýningu sem markaðsstofurnar halda í Reykjavík í janúar ár hvert. Markmiðið er að kynna ferðþjónustu landshlutanna fyrir fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu og er sýningin orðin stærsta ferðasýning landsins.
- Samstarfssveitarfélög Markaðsstofunnar geta leitað eftir ýmsum **upplýsingum og fengið leiðbeiningar** hjá starfsmönnum markaðsstofunnar um greinina, markaðssetningar- og kynningarmál.
- Markaðsstofa Suðurlands starfar náið með **öðrum aðilum í stoðþjónustu ferðþjónustunnar s.s.** Íslandsstofu, Ferðamálastofu, Stjórnstöð ferðamála, Rannsóknarmiðstöð Ferðamála og öðrum þeim aðilum sem vinna að eflingu ferðþjónustu, atvinnuuppbyggingar og jákvæðrar ímyndar Suðurlands. Gegnir Markaðsstofan þar lykilhlutverki í samtali og samvinnu við þessa aðila fyrir hönd sveitarfélaganna.
- Markaðsstofan heldur utan um samstarf og fundi **faghóps sveitarfélaganna í ferðamálum á Suðurlandi**, en hópinn skipa ferðamála-, markaðs-, kynninga- og atvinnumálafulltrúar sveitarfélaganna ásamt fulltrúum klasa. Það samstarf eykur upplýsingaflæði milli aðila og svæða um ferðamál. Þá hefur hópurinn unnið saman að ýmsum verkefnum síðustu misseri s.s. samræmingu korta, viðburðinum „Haustfrí fjölskyldunnar á Suðurlandi“ og fleiru. Með slíku samstarfi erum við sterkari sem heild til að vinna að framgangi og eflingu ferðamála á Suðurlandi.
- Markaðsstofan hvetur til og leitast við að styðja nýsköpun í ferðþjónustu á starfssvæði sínu í samstarfi við ferðþjónustufyrirtækin, ferðamálafulltrúa svæðanna, SASS, sveitarfélögin og ýmsar stofnanir.

Nánari upplýsingar um starfsemina sem og fundargerðir má finna á vefnum okkar www.south.is/markadsstofan. Meðfylgjandi er afrit af ársuppgjöri ársins 2018.

Markmið Markaðsstofunnar er að auka veg ferðþjónustunnar á Suðurlandi með því að laða gesti til landshlutans og fá þá til að dvelja á Suðurlandi sem og að ferðast vítt og breytt um svæðið, þar sem gæði frekar en magn er aðalatriðið. Með því að vinna að sameiginlega að hagsmunum ferðþjónustunnar á Suðurlandi verður stefnumörkunin skýrari og slagkrafturinn meiri.

Ferðþjónustan er orðin ein helsta grunnstoð í atvinnulífnu á Suðurlandi og því er mikilvægt að hlúa að og stuðla þar með að frekari framþróun og sjálfbærni hennar á svæðinu, með gæði og fagmennsku að leiðarljósi. Það er því von okkar að bæjarstjórn Árborgar fallist á tillögu okkar um að styðja við frekari þróun á þessu sviði með því að framlengja núverandi samstarfssamning til ársloka 2020.

Fulltrúar Markaðsstofu Suðurlands eru sem fyrr reiðubúnir að koma og kynna starfsemina nánar fyrir fulltrúum sveitarfélagsins og hvaða ávinningur fylgir þátttöku í stofunni.

E.h. Markaðsstofu Suðurlands

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri

Markaðsstofa
Suðurlands ses.

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Sjóðstreymisyfirlit.....	7
Skýringar.....	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið er sjálfseignarstofnun og var stofnað í desember 2008. Tilgangur stofnunarinnar er að efla markaðsstarf á Suðurlandi með sérstakri áherslu á að auka atvinnustarfsemi og gjaldeyristekjur tengdri ferðaþjónustu á Suðurlandi. Tilgangur stofnunarinnar er að efla samstarf atvinnulífsins, sveitarfélaga, ríkisvaldsins og stoðkerfisins með öflugum markaðsstarfi innanlands sem utan með það að markmiði að bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu eða atvinnustarfsemi á svæðinu. Tilgangur stofnunarinnar er því hvers konar markaðs- og kynningarstarf til að stuðla að því að byggð og fjölbreytt atvinnu- og búsetuskilyrði verði til staðar á landsvæðinu öllu.

Á árinu voru greiddar 35,8 millj. kr. í laun auk 8,4 millj. kr. í launatengd gjöld. Auk framkvæmdastjóra störfuðu 4 starfsmenn hjá stofnuninni allt árið.

Hagnaður var á rekstri stofnunarinnar á árinu 2018 að fjárhæð 3,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé stofnunarinnar var jákvætt í árslok um 3.6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 6.000.000, sem er framlag stofnenda og skiptist það þannig:

Ferðamálasamtök Suðurlands	33,34%
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	33,34%
Visit South Iceland ehf.	16,66%
Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu	16,66%

Stjórn Markaðsstofu Suðurlands ses. staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Hellu, 5. apríl 2019.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Markaðsstofu Suðurlands ses.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Markaðsstofu Suðurlands ses. fyrir árið 2018 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn og framkvæmdastjóri stofnunarinnar hefur lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðipækkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða stofnunina við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki ljós álit á honum.

Selfossi, 5. apríl 2019.

KPMG ehf.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Markaðsstofu Suðurlands ses, höfum yfirfarið ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2018 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Selfossi, 1. apríl 2019.

Rekstrarreikningur árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta.....		14.555.000	14.515.548
Framlög og styrkir	3	54.128.536	48.812.777
Aðrar endurgreiðslur		425.700	662.464
		69.109.236	63.990.789
Rekstrargjöld			
Laun og annar starfsmannakostnaður.....	4	47.374.259	42.731.980
Markaðsgreiningar.....		0	408.259
Annar rekstrarkostnaður.....	5	18.425.621	17.770.725
		65.799.880	60.910.964
Rekstrarhagnaður		3.309.356	3.079.825
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....		11.207	27.876
Vaxtagjöld		(64.213)	(14.228)
		(53.006)	13.648
Hagnaður ársins.....	2	3.256.350	3.093.473

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
Eignir			
Viðskiptakröfur.....		1.717.130	2.005.287
Aðrar skammtímakröfur.....		941.348	627.510
Handbært fé.....		5.792.313	2.573.614
Veltufjármunir samtals		8.450.791	5.206.411
Eignir samtals		8.450.791	5.206.411
 Eigið fé			
Stofnframlög.....		6.000.000	6.000.000
Ójafnað eigið fé.....		(2.404.236)	(5.660.586)
Eigið fé samtals	2	3.595.764	339.414
 Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		2.508.181	590.274
Fyrirfram innborgaðir styrkir		0	1.500.000
Aðrar skammtímaskuldir.....		2.346.846	2.776.723
Skammtímaskuldir samtals		4.855.027	4.866.997
Skuldir samtals		4.855.027	4.866.997
Eigið fé og skuldir samtals		8.450.791	5.206.411

Sjóðstreymisýfirlit árið 2018

Rekstrarhreyfingar	Skýr.	2018	2017
Hagnaður ársins.....	2	3.256.350	3.093.473
Veltufé frá rekstri		<u>3.256.350</u>	<u>3.093.473</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímafröfur, lækkun (hækkun)	(25.681)	(107.062)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(11.970)	1.469.025
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(<u>37.651)</u>	<u>1.361.963</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>3.218.699</u>	<u>4.455.436</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting.....		0	(1.881.822)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>0</u>	<u>(1.881.822)</u>
Breyting á handbæru fé.....		3.218.699	2.573.614
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>2.573.614</u>	<u>0</u>
Handbært fé í lok ársins.....		<u><u>5.792.313</u></u>	<u><u>2.573.614</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	6.000.000	(5.660.586)	339.414
Hagnaður ársins.....	0	3.256.350	3.256.350
Staða 31.12.2018	6.000.000	(2.404.236)	3.595.764

3. Framlög og styrkir

	2018	2017
Ferðamálastofa og DMP.....	35.085.000	31.338.251
Stjórnstöð ferðamála	0	2.500.000
Sveitarfélög	12.309.881	9.812.598
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.....	5.233.655	5.161.928
Grasrótastyrkir	1.500.000	0
	<u>54.128.536</u>	<u>48.812.777</u>

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun.....	35.790.517	33.112.732
Ökutækjastyrkir.....	784.300	979.880
Dagpeningar.....	1.136.411	1.178.274
Mótframlag í lífeyrissjóð.....	4.770.905	3.719.134
Tryggingagjald.....	2.832.176	2.590.319
Sjúkra- og orlofssjóður.....	803.785	715.025
Framlag til Brúar lífeyrissjóðs.....	961.215	0
Vátryggingar	81.744	77.066
Starfsmannakostnaður.....	213.206	359.550
	<u>47.374.259</u>	<u>42.731.980</u>

Skýringar

	2018	2017
5. Annar rekstrarkostnaður		
Húsaleiga.....	2.001.093	1.627.133
Gjaldfærð áhöld og tæki og viðhald.....	132.412	707.030
Vátryggingar.....	35.462	20.911
Flutningskostnaður	1.024.430	1.037.731
Sími og burðargjöld.....	209.353	190.615
Vefsíða og internet.....	1.074.065	642.579
Pappír, prentun og ritföng.....	72.493	82.872
Landshlutabæklingar.....	0	2.408.213
Aðrir bæklingar.....	2.278.841	1.074.085
Sýningar og viðburðir.....	3.840.048	3.386.195
Sérfræðipjónusta.....	966.874	644.181
Bókhald og reikningsskil.....	1.560.933	1.815.749
Ferða, FAM- og fundakostnaður.....	2.269.241	1.546.838
Stafrænir miðlar og myndbandagerð	1.458.387	0
Auglýsingar.....	1.236.792	1.113.269
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna, breyting.....	(300.000)	900.000
Afskrifaðar, tapaðar kröfur.....	335.665	0
Lækkun (hækkun) innskatts vegna blandaðs rekstrar.....	43.167	(70.168)
Húsbúnaður og innanstokksmunir.....	66.994	514.411
Þjónustugjöld.....	74.471	92.784
Álagt útvarpsgjald.....	17.100	16.800
Annar kostnaður.....	27.800	19.497
	<u>18.425.621</u>	<u>17.770.725</u>

6. Skattamál

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2019 vegna yfirfæranlegs taps frá fyrri árum. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast, fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

Yfirfæranlegt skattalegt tap 2014 nýtanlegt til ársins 2024.....	384.922
Yfirfæranlegt skattalegt tap 2016 nýtanlegt til ársins 2026	994.321
	<u>1.379.243</u>